II. STÓR OG LÍTILL STAFUR

2 Lítill stafur er notaður að jafnaði í rituðu máli.

auðveldlega • átján • eða • fróður • hún • inn • íslenskur • kaupa • köttur • nei • oft • sigla • vestfirskur • þriðjudagur

3 Stór stafur er notaður í upphafi máls og í nýrri málsgrein á eftir punkti. Komma og semikomma kalla aldrei á stóran staf en upphrópunarmerki, spurningarmerki og tvípunktur stundum eins og ráða má af eftirfarandi dæmum (athuga nánar í lið 116):

Hann er kominn. Það var nú gott.
Er hann kominn? Það var nú gott.
Hann er kominn! Það var nú gott.
Ég sagði: „Það var nú gott.“
„Það var nú gott,“ sagði ég.
„Er hann kominn?“ spurði ég.
„Hann er kominn!“ kallaði hún.
Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.
Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn; missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.
Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn, greyið; missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.

4 Stóra stafi má nota á svipaðan hátt og fleiri leturbreytingar, t.d. til áherslu.

Lofaðu að gera þetta ALDREI AFTUR!

5 Stórir stafir koma einnig fyrir í ýmsum skammstöfunum o.fl., t.d. þegar bókstafir gegna líku hlutverki og tölustafir.

A-hluti • ASÍ • BA-próf • BHM • DV • ESB • ESB-aðild • FH • HM ’03 • ÍSÍ • LÍÚ • SÍBS • SÞ • Deild 12 B • Lækjargata 25 B

6 Samnöfn eru að jafnaði skrifuð með litlum upphafsstaf.

alþingismaður • amfetamín • andskoti • barnahjálp • barnaverndarnefnd • biskup • borgarstjóri • bóndi • djöfull • doktor • dómsmálaráðherra • e-tafla • engill • evra • fjandi • fob-verð • forseti • forsætisráðherra • framhaldsskóli • frú • háskóli • hugvísindadeild • heimsmeistaramót • herra • hæstaréttardómari • jörð • kennari • kísilgúr • kjaranefnd • konungur • króna • landlæknir • langbrók • ljósmóðir • lýðveldi • lögfræðingur • mannanafnanefnd • miðhálendi • norðurheimskaut • prestur • prófessor • pund • ráðuneyti • ritstjóri • ríkisstjórn • sálfræðingur • séra • sjómaður • skáld • skipstjóri • skrifstofa • smiður • sól • suðurskaut • sýslumaður (starfsheiti) • tungl • verkamaður • vítamín • þröskuldur • öldungur

Sjá nánar liði 7-26.

7 Stór stafur er ritaður í upphafi sérnafns.

Akraborg • Akrahreppur • Akureyri • Alþingi • Alþingishúsið • Alþjóðavinnumálastofnunin • Arnarhváll • Austurstræti • Árnessýsla • Babelsturninn • Biblían • Bítlarnir • Bótin • Branda • Breki • Draupnir • Drottinn • Eiðaþinghá • Einimelur • Esja • Evrópa • Evrópusambandið • Eyjahaf • Fjallabaksleið • Fjarðabyggð • Flói • Flugleiðir • Flugmálastjórn • Garðatorg • Geysir • Gilitrutt • Glámur • Golsa • Grandi • Grund • Guðmundur • Gummi • Hagaskóli • Halamið • Háaleiti • Hekla • Hóll • Hrímnir • Húnaflói • Iðnfræðsluráð • Internetið • Ísafjörður • Ísland • Jesús • Júpíter • Jökuldalur • Karlsvagninn • Kínamúrinn • Kristur • Kvaran • Kyrrahaf • Kölski • Landhelgisgæslan • Langisjór • Laugavegur • Loki • Lækjartorg • Maldíveyjar • Merkúr • Morgunblaðið • Mývatn • Möðruvallasókn • Neptúnus • Netið • Neytendasamtökin • Norðurlönd • Nóatún • Nóbelsverðlaun • Ódáðahraun • Óðinn • Ólafur • Óli • Ólympíuleikar • Óskarsverðlaun • Plútó • Pollurinn • Pólstjarnan • Rangárþing • Rannveig • Reykholt • Reykjanesskagi • Reykjavík • Rimmugýgur • Ríkisendurskoðun • Ríkisútvarpið • Samkeppnisstofnun • Satan • Satúrnus • Sigurðardóttir • Sjálfstæðisflokkurinn • Sjöstirnið • Skírnir • Skjalda • Skjóni • Skólavarðan • Smugan • Snati • Sprengisandur • Stokkseyri • Stórþingið • Stuðmenn • Suðurkjördæmi • Suðurskautslandið • Suðvesturland • Súðavík • Súlnasalur • Svörtuloft • Tangi • Tjörnin • Tunglskinssónatan • Úranus • Valhöll • Vatnsberinn • Venus • Vestfirðir • Vesturland • Vigdís • Vigga • Vík • Völuspá • Þorlákur • Ölfusá

8 Ef sérnafn er fleiri en eitt orð er stór upphafsstafur aðeins í fyrsta orðinu eða liðnum nema aftara orð eða liður sé einnig sérnafn.

Austurlönd nær • Bandalag íslenskra skáta • Bláa lónið • Byggt og búið • Dohrn-banki • Egils appelsín • Egils saga • Evrópska efnahagssvæðið • Fjársýsla ríkisins • Gripið og greitt • Hrafninn flýgur • Íslensk erfðagreining • Íslensk málnefnd • Kennedy-flugvöllur • Landssamband íslenskra útvegsmanna • Norræna húsið • Norræna ráðherranefndin • Nýja testamentið • Rauði krossinn • Sameinuðu þjóðirnar • Seychelles-eyjar • Sjálfstætt fólk • Sögur herlæknisins • Tösku- og hanskabúðin • Vinnueftirlit ríkisins • Þorláks saga helga

Fjalla-Eyvindur • Fríverslunarsamtök Evrópu • Háskóli Íslands • Héraðsdómur Reykjavíkur • Hótel Borg • Hæstiréttur Íslands • Íþróttasamband Íslands • Karlakórinn Þrestir • Kennaraháskóli Íslands • Knattspyrnufélagið Fram • Konungsríkið Danmörk • Lýðveldið Lettland • Mið-Austurlönd • New York-ríki • Norður-Íshaf • Rómanska Ameríka • Sinfóníuhljómsveit Íslands • Stjórnarráð Íslands • Suður-Ameríka • Sveitarfélagið Skagafjörður • Syðri-Grund • Sýslumaðurinn í Hafnarfirði (heiti stofnunar) • Tollstjórinn í Reykjavík • Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar • Vestur-Ísafjarðarsýsla • Víðavangshlaup ÍR • Víga-Glúmur • Ytri-Mælifellsá

9 Stór upphafsstafur er venjulega í orðum sem mynduð eru með sérnafni þannig að það sé áberandi í merkingu orðsins. Túlkunaratriði getur verið hvað teljist áberandi og hvað hverfandi merkingarþáttur. Mikilvægt er að gæta að hefð og samræmi.

Akureyrarveikin • Asíuflensa • Ármenningur • Balkanlönd • Bandaríkjadalur • Bandaríkjaforseti • Bláalónshlaupið • Breiðabliksstúlka • Danmerkurferð • Eflingarmaður • Evrópumarkaður • Evrópusambandsaðild • Fáfnisbani • Fjölnismaður • Guðrúnarlegur • Halaveður • Heimdellingur • Hólsfjallahangikjöt • Hríseyjarferja • Íslandsmeistaratitill • Íslandsmeistari • Kópavogsbúi • Maríubæn • Markúsarnetið • Morgunblaðsgrein • Nóbelsverðlaunahafi • Skálholtsbiskup • Sóknarkona • Stuðmannaplata • Toyota-bifreið • Þingvallanefnd

Þetta á þó aldrei við um lýsingarorð með *-sk-*.

akureyrskur • asískur • ástralskur • evrópskur • íslenskur • jóskur

Fleiri frávik, sem hafa þarf í huga, koma fram hér á eftir.

10

Ef sérnafni fylgir enginn eða aðeins hverfandi merkingarþáttur í myndun samnafns er samnafnið haft með litlum upphafsstaf enda þótt það sé upprunalega dregið af sérnafni. Þetta á m.a. alltaf við um dýra- og plöntunöfn. Erlend sérnöfn ber þá jafnframt að laga að íslenskum rithætti að öðru leyti. Sjá ella lið 11.

adamsepli • akkilesarhæll • alaskaösp • alpagrein • aulabárður • baldursbrá • bermúdabuxur • biblíufróður • bögubósi • dalmatíuhundur • dingóhundur • dísilbifreið • evuklæði • gádaostur • gordíonshnútur • grettistak • gróusaga • hamborgari • hrunadans • jakobsfífill • kaupahéðinn • kínarúlla • kvislingur • lygamörður • maríustakkur • maríutása • móselvín • napóleonskaka • óðinshani • parkinsonsveiki • röntgenmynd • salómonsdómur • síamstvíburar • svikahrappur • vínarbrauð • þórðargleði • þyrnirósarsvefn • ökuþór

11

Ef ritháttur erlends sérnafns er ekki lagaður að íslenskri ritvenju er samnafnið, sem af því er dregið, að jafnaði ritað með stórum upphafsstaf enda þótt sérnafninu fylgi ekki lengur nema hverfandi merkingarþáttur í orðinu.

Alzheimers-sjúkdómur • Bernouilli-lögmál • Downs-heilkenni • Hereford-nautgripur • Marshall-aðstoð • Newtons-lögmál

12

Ritaður er stór upphafsstafur í heitum þeirra sem eru kenndir við heimsálfur, héruð, landsvæði, borgir, bæi og forfeður og í öðrum heitum sem dregin eru af þess háttar sérnöfnum.

Afríkumenn	sbr.	Afríka	Kópavogsbúar	sbr.	Kópavogur
Austfirðingar	sbr.	Austfirðir	Laxdælir	sbr.	Laxárdalur
Aþeningar	sbr.	Aþena	Oddaverjar	sbr.	Oddi
Bæjarar	sbr.	Bæjaraland	Reykvíkingar	sbr.	Reykjavík
Evrópumenn	sbr.	Evrópa	Rómverjar	sbr.	Róm
Jótar	sbr.	Jótland	Saxar	sbr.	Saxland
Kastilíumenn	sbr.	Kastilía	Seyðfirðingar	sbr.	Seyðisfjörður
Katalónar	sbr.	Katalónía	Sikileyingar	sbr.	Sikiley
Keldhverfingar	sbr.	Kelduhverfi	Stokkseyringar	sbr.	Stokkseyri
Knýtlingar	sbr.	Knútur	Sturlungar	sbr.	Sturla
Norðmýlingar	sbr.	Norður-Múlasýsla	Svínfellingar	sbr.	Svínafell

13

Stór upphafsstafur er ritaður í heitum þjóða og í heitum sem af þeim eru dregin. Þjóðaheiti eru ekki skýrt afmörkuð en oftast er átt við heiti þeirra sem búa í sama ríki, eru eða hafa verið félagslega skipulegar einingar, búa við sameiginlega löggjöf eða koma fram sem eining á alþjóðavettvangi.

Baskar • Bretónar • Búar • Danir • Englar • Englendingar • Forn-Grikkir • Grikkir • Hellenar • Indverjar • Írakar • Íslendingar • Ísraelsmenn • Kúrdar • Langbarðar • Norðmenn • Palestínumenn • Portúgalar • Samar • Saxar • Taílendingar • Tamílar • Þjóðverjar • Tsjetsjenar • Vestur-Íslendingar

14

Reglan í lið 13 á einnig við um óformleg og niðrandi þjóðaheiti.

Baunar • Fransmenn • Hundtyrkinn • Norsarar • Spanjólar • Tjallar • Þýskarar

15

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum þjóðflokka og kynstofna.

arabar • germanar • gyðingar • indíánar • inúítar • kákasítar • keltar • mongólar • negrítar • slavar

Með stórum og litlum upphafsstaf má gera greinarmun á merkingu í sumum tilvikum.

arabar
Arabar (þjóð, kennd við Arabíu)

gyðingar
Gyðingar (þjóð, kennd við Gyðingaland)

16 Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum tungumála, málaflokka og mállýskna.

bantúmál • danska • forngríska • íslenska • jóska • latína • svahílí • vestfirska

Undantekningar geta þó verið samsett heiti þar sem fyrri liður er sjálfstætt sérnafn:

Finnlandssænska • Svíþjóðarfinnska

17 Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum einstakra daga, mánaða, tímabila, hátíða og sögulegra viðburða nema fyrri hluti slíkra heita sé sérnafn eða dreginn af sérnafni.

aðventa • ár fatlaðra • bannár • dagur íslenskrar tungu • dagur Sameinuðu þjóðanna • fornöldin • franska byltingin • frostaveturinn mikli • fullveldisdagur • hundadagar • hvítasunna • iðnbyltingin • jól • júlí • kalda stríðið • landnámsöld • laugardagur • móðuharðindi • nóvember • páskar • sjómannadagurinn • skírdagur • sumardagurinn fyrsti • þjóðhátíðardagur • þorri • verslunarmannahelgi

Jónsmessa • Margrétarmessa • Ólafsvaka • Sturlungaöld • Þorláksmessa

18 Í styttu eða breyttu sérnafni getur verið val um lítinn eða stóran upphafsstaf.

Háskóli Íslands = **háskólinn** eða **Háskólinn**
Hellisheiði = **heiðin** eða **Heiðin**
Hæstiréttur Íslands = **hæstiréttur** eða **Hæstiréttur**
Hafnarfjörður = **fjörðurinn** eða **Fjörðurinn**
Stjórnarráð Íslands = **stjórnarráðið** eða **Stjórnarráðið**

19 Valfrelsi er um lítinn eða stóran upphafsstaf í heitum ráðuneyta.

fjármálaráðuneytið
Fjármálaráðuneytið

Í tilvikum sem þessum verður að gæta vel að hefð og samræmi. Sú hefð hefur myndast í opinberum skjölum að yfirstofnanir hafi stóran staf en undirstofnanir lítinn.

Stjórnarráðið
fjármálaráðuneytið
utanríkisráðuneytið

Sameinuðu þjóðirnar
allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna
öryggisráð Sameinuðu þjóðanna

20 Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum trúarbragða og viðhorfa.

ásatrú • búddismi • frjálshyggja • íslam • jafnaðarstefna • kalvínstrú • kristin trú • lenínismi • lúterska • maóismi • marxismi • valtýska

21 Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum fylgismanna trúarbragða og viðhorfa.

ásatrúarmaður • búddisti • fasisti • fransiskani • frímúrari • grænfriðungur • guðspekingur • gyðingur • húgenotti • kvekari • maóisti • múslími • nýguðfræðingur • repúblikani • sósíalisti • stalínisti • templari • valtýingur

22 Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum fylgismanna stjórnmálaflokka.

framsóknarmenn • frjálslyndir • samfylkingarmenn • sjálfstæðismenn • vinstri grænir

23 Samsett fylgismannaheiti af leiðtoganafni eru með stórum upphafsstaf.

Davíðsmaður • Valtýsmaður • Jóns Sigurðssonar maður

Athuga hér mun á rithætti orða með viðskeytum: *valtýingur* o.s.frv. og samsettra orða: *Valtýsmaður* o.s.frv.

24 Ýmis vöruheiti, sem upphaflega eru sérnöfn, eru rituð með stórum upphafsstaf ef þau koma fyrir í óbreyttu eða upphaflegu formi en með litlum upphafsstaf þegar um breytta orðmynd er að ræða.

bírópenni • lúxólampi

25 Ekki er alltaf augljóst hvenær um er að ræða sérnafn. Upphafsstafur getur greint á milli í dæmum af því tagi.

Í námskrá frá 1929 er m.a. tilgreind Barnabiblía, saman hafa tekið Haraldur Níelsson og Magnús Helgason.
Fyrir aðeins 400 kr. er hægt að útvega einu barni í Úsbekistan barnabiblíu.

Jesús er sonur Guðs.
Fornar þjóðir trúðu á ýmsa guði.

26 Þegar óvissa eða valfrelsi ríkir um stóran eða lítinn upphafsstaf skal gæta samræmis í rithætti í sömu ritsmíð og innan ritstjórnar eftir því sem unnt er. Ritstjórar og höfundar geta mótað eigin vinnureglur um slík tilvik til að auðvelda samræmi.